

Minnisblað um frístunda- og menningarmál

Dagsetning:	22. október 2021. Uppfært 25. október.
Verkkaupi:	Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður
Efni:	Frístunda- og menningarmál. Drög til umræðu á íbúafundum.
Viðtakandi:	Samstarfsnefnd
Höfundur:	Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson, RR ráðgjöf

Aðdragandi

Á fundi samstarfsnefndar um mögulega sameiningu sveitarfélaga í Skagafirði þann 21. október sl. var núverandi staða frístunda- og menningarmála í Skagafirði rædd. Áskoranir, tækifæri og framtíðarsýn í málaflokknum voru auk þess rædd. Gestir fundarins voru Herdís Sæmundardóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Þorvaldur Gröndal frístundastjóri og forstöðumaður Húss frítímans og Sigfús Ólafur verkefnastjóri atvinnu-, menningar og kynningarmála.

Frístundastarf

Mikil samlegð er milli sveitarfélaganna tveggja í frístundastarfi sem helgast kannski einna helst af því mikla starfsemi sem er í skólastarfi á svæðinu. Almennt er litið framhjá sveitarfélagamörkum þegar kemur að frístundaþjónustu barna og hafa börn í Akrahreppi aðgang að öllum viðburðum til jafns við börn í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Frístundaþjónusta er í boði í Varmahlíð og á Sauðarkróki. Í Varmahlíð er frístundastarf fyrir 1.-4. bekk annan hvern fimmtudag en öll börn hafa aðgang að Húsi frítímans þar sem skipulagt frístundastarf er fyrir þann aldurshóp þrisvar sinnum í viku.

Hús frítímans¹

Hús frítímans er miðstöð tómsundastarfs allra íbúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar en íbúar Akrahrepps hafa einnig aðgang að húsinu. Starfsemi í húsinu hófst í febrúar 2009 en formleg opnun var 5. mars sama ár. Þar er starfsemi fyrir eldri borgara, ungmenni og grunnskólabörn en er auk þess opið fyrir félags- og menningarstarfsemi íbúa sveitarfélagsins þar eru m.a. haldnir tónleikar, kóræfingar, námskeið og fyrirlestrar. Akrahreppur tekur þátt í kostnaði við reksturinn.

Hús frítímans er einnig starfsstöð fyrir liðveitendur sem sinni börnum og ungmönnum með fötlun, sem hefur reynst vel við að forma þá starfsemi inn og tengja við annað frístundastarf.

Frístundastrætó er í boði á föstudögum en hann fer frá Grunnskólanum austan Vatna með viðkomu á Hólum í Hjaltadag og þaðan til Sauðarkróks. Einnig fer strætóinn frá Varmahlíðarskóla. Með þjónustunni geta börn komist í íþróttir, tómsundir og aðrar frístundir með einföldum hætti.

¹ <https://www.skagafjordur.is/is/thjonusta/ithrottir-og-tomstundastarf/hus-fritimans-1>

Akrahreppur hefur ekki greitt fyrir frístundastrætóinn en börn sem búa í Akrahreppi hafa þó aðgang að ferðunum.

Menningarstarf

Ekki er um eiginlegt samstarf sveitarfélaganna að ræða þegar kemur að menningarstarfi í Skagafirði nema um rekstur fjögurra safna, sem eru: bóka-, skjala-, minja- og listasafn. Menningarstarfsemi svæðisins er að mestu leyti haldið uppi í sitt hvoru lagi fyrir utan þorablótið sem er haldið sameiginlegt. Þá reka sveitarfélögin sameiginlega Menningarhúsið Miðgarð og Menningarhúsið á Sauðárkróki. Bæði sveitarfélögin greiða til SSNV (Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra). Í gegnum SSNV koma ýmsar styrkveitingar sem sveitarfélögin geta sótt um, aðstoð við styrkumsóknir og annað slíkt. Kórastarf er á svæðisvísu sem og ýmislegt annað félagsstarf.

Safnastefna Byggðasafns Skagfirðinga var staðfest árið 2020 og í kjölfarið var starfræktur stýrihópur til að vinna skýrslu um frekari uppbyggingu á Byggðasafninu sem liggur nú fyrir.

Rekstur Byggðasafns Skagfirðinga, Héraðsbókasafns Skagfirðinga og Héraðsskjalasafns Skagfirðinga er hjá Sveitarfélaginu Skagafirði, en Akrahreppur tekur þátt í rekstrarkostnaði.

Að öðru leyti er menningarstarf aðskilið.

Sveitarfélagið Skagafjörður

Í atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar sitja þrír fulltrúar og einn áheyrnafulltrúi. Í 47. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Skagafjarðar segir um verkefni nefndarinnar:

„Nefndin fjallar um atvinnu- og ferðamál í Skagafirði og skal móta stefnu í þeim málaflokkum. Nefndin fer jafnframt með málefni bókasafna samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012, málefni safna, sbr. safnalög nr. 141/2011. Nefndin fer með málefni félagsheimila og með menningarmál í sveitarfélaginu. Nefndin skal gera tillögu um fulltrúa sveitarfélagsins í stjórnir félagsheimila og Menningarhússins Miðgarðs. Þá fer nefndin einnig með kynningarmál sveitarfélagsins. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.“

Tveir verkefnastjórar atvinnu-, menningar- og kynningarmála starfa með nefndinni. Undir þeirra verkefnasvið heyrir rekstur félagsheimila en sveitarfélagið rekur 9 félagsheimili. Leitast er við að hafa rekstraraðila í öllum félagsheimilum með það að markmiði að halda lífi í þeim öllum. Húsnefndir starfa í einhverjum þeirra og eru þá ekki eiginlegir rekstraraðilar.

Ýmsir viðburðir eru haldnir í Sveitarfélaginu Skagafirði sem sveitarfélagið styður við. Svo sem.:

- Bæjarhátíðir
- Fljótaleikar
- Hofsós heim
- Lummudagar
- 17. júní
- Sæluvika
- Tendrun jólatrés
- Sveitasæla

Sveitarfélagið styður við menningarstarf með peningastyrkjum, aðstoð við umsóknir og annað tilfallandi.

Akrahreppur

Sveitarfélagið og Kvenfélag Akrahrepps halda að meginstefnu utan um menningarstarf í Akrahreppi. Eitt félagsheimili er í sveitarfélaginu, Héðinsminni, sem sveitarfélagið rekur en húsvörður hefur daglega umsjón með húsinu. Ýmsir viðburðir eru haldnir í Akrahreppi, sem Kvenfélagið sér aðallega um að skipuleggja með aðstoð sveitarfélagsins. Meðal viðburða eru:

- Saltkjötsveisla á sprengidaginn
- Kaffiboð á 17. júní
- Haustfagnaður í ágúst (pálínuboð)
- Hjónaball á haustin (sérstök nefnd sem sér um skipulagninguna)
- Barnaball um jólin

Samkvæmt heimasíðu Akrahrepps er félags- og menningarnefnd starfandi í sveitarfélaginu með þremur fulltrúum og tveimur til vara. Nefndin hefur þó ekki skilgreint hlutverk og hefur að mestu leyti verið óvirk.

Framtíðarsýn

Verði af sameiningu sveitarfélaganna er ekki von á miklum breytingum í frístundar- og íþróttamálum. Ný lög um samþætta þjónustu við börn verður áskorun fyrir sveitarfélögin, hvort sem af sameiningu þeirra verður eða ekki. Auk þess gætu aðrar utanaðkomandi áskoranir komið upp, s.s laga- eða reglugerðarbreytingar.

Börn til 18 ára aldurs og eldri borgarar fá frítt í sund hjá Sveitarfélaginu Skagafirði en Akrahreppur greiðir í sund í Varmahlíð fyrir alla sína íbúa. Það myndi breytast ef sveitarfélögin sameinast.

Ekki er að sjá að sameining hefði í för með sér meiriháttar breytingar í menningarstarfi á svæðinu en tækifæri liggja þó í uppbyggingu á því starfi, m.a. uppbygginu og nýtingu safna í Skagafirði. Félagsstarfsemi í Akrahreppi myndi fá aðgang að verkefnastjórum Sveitarfélagsins Skagafjarðar.